Sjúkrahúsið á Akureyri

ÖRYGGI - SAMVINNA - FRAMSÆKNI

## Stöður svæfingalækna

Lausar eru til umsóknar tvær, 100% stöður sérfræðinga í svæfinga- og gjörgæslulækningum. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.

Umsækjendur skulu hafa fullgild réttindi í svæfinga- og gjörgæslulækningum. Starfinu fylgir þátttaka í kennslu heilbrigðisstétta, þjálfun aðstoðar- og deildarlækna, auk þátttöku í rannsóknavinnu og sjúkraflutningum með sjúkraflugi. Við ráðningu verður lögð áhersla á faglega þekkingu ásamt hæfileikum á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæða vinnubragða.

Næsti yfirmaður er forstöðulæknir svæfinga- og gjörgæslu læknina sjúkrahússins. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og Fjármálaráðuneytisins.

Nánari upplýsingar gefa Girish Hirlekar, forstöðulæknir svæfinga- og gjörgæslulækninga í síma 4630100, **girish@fsa.is** og Sigurður Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga og skurðlækningasviðs, sími 4630100, **ses@fsa.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2014**

Umsóknir skulu sendar starfsmannastjóra sjúkrahússins, Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri, eða á netfang **thora@fsa.is**, á umsóknareyðublaði um læknasstöður, sem fást á vefnum **www.fsa.is** Umsóknum skulu fylgja ítarlega upplýsingar um nám og starfsferil ásamt með upplýsingum um fræðilegar rannsóknir og ritstörf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru: **ÖRYGGI – SAMVINNA – FRAMSÆKNI.**
Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklaus vinnustaður. Sjúkrahúsið á Akureyri veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu, þar sem áhersla er lögð á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir. Sjúkrahúsið er annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins og er kennslusjúkrahús.

---

Umboðsmaður skuldara

## Embætti umboðsmanns skuldara auglýsir lausa stöðu sviðsstjóra þjónustusviðs

**Sviðsstjóri þjónustusviðs** hefur umsjón með daglegri starfsemi sviðsins, sem annast fjölbreytt störf er varðar úrlausnir fyrir umbjóðendur embættisins s.s. ráðgjöf, greiðsluaðlögun auk annarra þeirra sérhæfðu verkefna er falla til hverju sinni. Sviðsstjóri á sæti í yfirstjórn embættisins.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi háskólamenntun, sem nýtist í starfi auk marktækrar stjórnunarreynslu og með mannaforráð. Við leitum að lausnamiðuðum einstaklingi, með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og brennandi áhuga á fjármálalegum úrlausnum á umræddu sviði. Áhersla er lögð á skipulögð og fagleg vinnubrögð, forystuhæfileika, jákvæðni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk fylgni til framkvæmda.

**Umsóknarfrestur** er til og með 10. febrúar nk. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, prófgögn og fyrri störf til STRÁ netfangið: **stra@stra.is.** Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ** veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 588 3031, sjá nánar **www.stra.is**.

**Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem tók til starfa 1. ágúst 2010. Embættið veitir einstaklingum og fjölskyldum í fjárhagsvanda ókeypis aðstoð við að öðlast yfirsýn yfir stöðu fjármála sinna og leita leiða til lausna. Einnig er tekið á móti erindum og ábendingum um ágalla á lánastarfsemi.**

STRÁ

---

## Kerfisfræðingar

**Óskum eftir að komast í samband við reynda kerfisfræðinga.**

**Sjá nánar á www.intellecta.is.**

intellecta
ráðgjöf ráðningar rannsóknir

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

---

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál. Hjá PFS starfa 23 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar. Sjá nánari upplýsingar á **www.pfs.is**

## Sérfræðingur í netöryggissveit PFS (CERT-ÍS)

Póst- og fjarskiptastofnun óskar eftir að ráða sérfræðing í netöryggissveit PFS . Netöryggissveitin hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í þeim tölvukerfum sem falla undir starfssvið hennar. Sveitin leitast við að greina atvik af þessu tagi, takmarka útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Þá tekur netöryggissveitin þátt í því að tryggja virkni almennra fjarskiptaneta, vernd, virkni og gæði IP fjarskiptaþjónustu og vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Þátttaka í þróun starfs netöryggissveitarinnar
- Meðhöndlun öryggisatvika (e. incident handling)
- Skýrslugerð um öryggisógnir og atvik
- Yfirferð öryggismála hjá ytri aðilum
- Upplýsingaskipti við þjónustuhóp
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um öryggi Internetsins
- Ráðgjöf og upplýsingar varðandi öryggismál á netinu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í verk-, tækni- eða tölvunarfræði eða öðrum raungreinum
- Sérmenntun eða starfsreynsla á sviði tölvu- og netkerfa er nauðsynleg
- Þekking á fjarskiptamarkaðnum er æskileg
- Menntun og reynsla í upplýsingaöryggi eru kostir
- Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í starfi
- Gerð er krafa um mikla greiningarhæfni, öguð og skipulögð vinnubrögð, sem og vinna vel undir álagi
- Umsækjendur þurfa jafnframt að búa yfir skilningi á internettækni ásamt færni til að meta upplýsingar um áhættu og áhrif ásamt getu til að miðla tæknilegum upplýsingum til annarra
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í ræðu og riti

**PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.**

Umsjón með starfinu hefur Þorleifur Jónasson forstöðumaður tæknideildar. Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu PFS **www.pfs.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist er sakavottorðs og þarf viðkomandi að standast öryggisvottun Ríkislögreglustjóra.

# LÖGFRÆÐINGUR
## SÉRTÆK LAGALEG MÁLEFNI

▶ **Fjármálaeftirlitið leitar að öflugum einstaklingi með lögfræðimenntun til að starfa við sértæk lagaleg málefni á eftirlitssviði.**

Eftirlitssvið hefur yfirsýn yfir starfsemi eftirlitsskyldra aðila, fylgist með því að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef tilefni er til þannig að viðvarandi eftirlit sé viðhaft. Einnig að starfshættir á fjármálamarkaði séu í samræmi við þær réttarreglur sem í gildi eru þ.á.m. varðandi heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Þá hefur sviðið yfirumsjón með setningu reglna og leiðbeinandi tilmæla ásamt innleiðingu réttarreglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

### Starfssvið
- Setning og innleiðing reglna og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins og annarra skráðra réttarheimilda
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi í tengslum við reglusetningar og innleiðingarmál
- Þátttaka við gerð og framkvæmd verkáætlunar
- Greining og vinnsla sértækra lagalegra málefna
- Framkvæmd eftirlits með heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Meistarapróf eða cand. jur. í lögfræði
- Þekking á stjórnsýslurétti, samninga- og kröfurétti og löggjöf á fjármálamarkaði
- Reynsla af vinnu við undirbúning skráðra réttarheimilda æskileg
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Þekking á réttarreglum á Evrópska efnahagssvæðinu æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, ábyrgð, heiðarleiki og metnaður í starfi
- Hæfni til að tjá sig og miðla upplýsingum í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsjón með starfinu hafa Rúnar Guðmundsson aðstoðarframkvæmdastjóri eftirlitssviðs (runar@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

---

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# MELTINGARLÆKNINGAR
## Sérfræðilæknir

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í meltingarlækningum. Starfið veitist frá 15. júní 2014 eða eftir samkomulagi. Stefnt er að því að um fullt starf verði að ræða.

### Helstu verkefni og ábyrgð
- » Vinna á legu-, speglunar- og göngudeild meltingarlækna
- » Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir Landspítala
- » Þátttaka í vaktþjónustu meltingarlækna
- » Þátttaka í kennslu læknanema, kandidata og deildarlækna
- » Þátttaka í rannsóknarstarfi

### Hæfnikröfur
- » Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í almennum lyflækningum og meltingarlækningum
- » Breið þekking og reynsla í almennum lyflækningum og meltingarlækningum
- » Reynsla af meðferð sjúklinga með bólgusjúkdóma í meltingarvegi æskileg
- » Reynsla af kennslu
- » Reynsla og áhugi á klínískum rannsóknum í meltingarlækningum mikils metin
- » Góðir samskiptahæfileikar

### Nánari upplýsingar
- » Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2014.
- » Upplýsingar veitir Einar Stefán Björnsson, yfirlæknir, netfang einarsb@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni meltingarlækninga, LSH 11D Hringbraut.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
- » Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- » Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

---

# Þróunarstjóri á upplýsingatæknisvið

Framsækið fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða þróunarstjóra á upplýsingatæknisvið

### Helstu verkefni
- Dagleg verkefnastýring hugbúnaðardeildar
- Hefur yfirsýn yfir verkefni, flokkar, metur og úthlutar verkefnum
- Tekur þátt í að móta tæknilega stefnu ásamt því að framfylgja henni og tryggja samræmingu í tæknilegum útfærslum
- Verkefnastjórnun stærri verkefna
- Samskipti vegna verkefna við innri og ytri viðskiptavini auk innlendra og erlendra samstarfsaðila og birgja

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg
- Víðtæk reynsla af hugbúnaðarþróun
- Reynsla af stjórnun og/eða verkefnastjórnun
- Faglegur áhugi og metnaður til að skara framúr
- Reynsla af þróun hugbúnaðar úr banka-/ fjármálastarfsemi er sérstaklega áhugaverð
- Hæfni til að vinna undir álagi

*Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá. **Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Capacent Ráðningar

# SÉRFRÆÐINGUR Í SAMGÖNGUSKIPULAGI

strætó.is

Strætó er byggðasamfélag í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og er hlutverk þess að sinna almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Við bjóðum upp á fjölskylduvænan vinnustað með sveigjanlegum vinnutíma. Upplýsingar um fyrirtækið er á www.straeto.is

**Strætó bs. leitar að metnaðarsömum og öflugum sérfræðingi í samgönguskipulagi til starfa á Skipulags- og þróunarsvið í krefjandi og lifandi umhverfi. Viðkomandi mun vinna náið með sviðsstjóra og helstu verkefni eru að vinna að skipulagi og áætlunum vegna leiðarkerfis á höfuðborgarsvæðinu og fyrir þá landshluta sem Strætó bs. hefur samninga við.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistaragráða í samgönguverkfræði er kostur
- Færni og reynsla af skipulagsvinnu og/eða samgöngumálum
- Mjög góð þekking og reynsla af Excel
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli
- Útsjónarsemi og talnagleggni
- Góð þekking á höfuðborginni og leiðakerfi Strætó er mikill kostur
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að tileinka sér nýjungar

**Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsjón með starfinu hafa Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

14-0185 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Spennandi störf á Keflavíkurflugvelli

*Isavia leitar að öflugum starfsmönnum með mikla færni í samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi*

## DEILDARSTJÓRI ÞJÓNUSTU

**Meðal verkefna eru:**
- Daglegur rekstur á flugverndarþjónustu og farþegaþjónustu hjá Isavia í Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Ábyrgð á að öryggisleit og þjónusta sé samkvæmt öryggis- og þjónustumarkmiðum
- Hönnun og viðhald á öryggis-, flugverndar-, vinnu- og þjónustuferlum
- Gerð rekstraráætlana og rekstrargreininga fyrir þjónustudeild

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta, reksturs, þjónustu eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnunarstörfum er nauðsynleg
- Reynsla eða menntun á sviði öryggis eða þjónustu nauðsynleg
- Reynsla í rekstri og þekking á gerð rekstraráætlana er nauðsynleg
- Góð íslensku- og enskukunnáttu bæði í töluðu og rituðu máli ásamt góðri tölvukunnáttu

## ÞJÓNUSTUSTJÓRI KEF - PARKING

**Meðal verkefna eru:**
- Daglegur rekstur á bílastæðaþjónustu við Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Halda utan um og ganga frá reikningsviðskiptum
- Daglegt uppgjör og utanumhald á reikningsviðskiptum
- Samskipti við þjónustuveitendur og undirverktaka
- Umsýsla athugasemda vegna þjónustu og samskipti við viðskiptavini
- Umsjón með vefsíðu KEF Parking og markaðsmál
- Vaktaskrá og önnur dagleg starfsmannamál

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta, reksturs, þjónustu eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnunarstörfum er nauðsynleg
- Reynsla í rekstri og þekking á gerð rekstraráætlana er nauðsynleg
- Góð íslensku- og enskukunnáttu bæði í töluðu og rituðu máli ásamt góðri tölvukunnáttu

Nánari upplýsingar fást hjá **Þóri Þorvarðarsyni, thorir@hagvangur.is** . Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**.
Umsóknarfrestur er til og með **9. febrúar**.

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 850 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

isavia

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# SÁLFRÆÐINGAR

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir sálfræðingum til starfa á þjónustumiðstöðvum til þess að vinna með sjúklingum sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli læknisvottorða. Sálfræðingar eru hluti af teymi sem hefur það að meginmarkmiði að styðja við sjúklinga sem fá fjárhagsaðstoð á grundvelli læknisvottorða.

Um er að ræða þrjár stöður, tímabundið til áramóta. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Styðja við sjúklinga sem fá fjárhagsaðstoð á grundvelli læknisvottorða.
- Einstaklingsviðtöl, skimanir, greiningar og námskeið fyrir notendur.
- Gerð einstaklingsáætlana í samvinnu við málstjóra.
- Yfirsýn yfir úrræði og stuðning sem veitt eru sjúklingum með fjárhagsaðstoð.
- Tekur þátt í samráðshópi þvert á þjónustumiðstöðvar til þess að miðla þekkingu og þróun úrræða.
- Ber ábyrgð ásamt öðrum starfsmönnum teymisins á samvinnu við aðrar stofnanir varðandi málefni sjúklinga sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu.

**Hæfnikröfur:**

- Sálfræðingur með starfsleyfi frá Landlæknisembætti Íslands.
- Þekking og reynsla af vinnu með einstaklingum með geðræn vandamál er æskileg.
- Þekking og reynsla af vinnu með einstaklingum með áfengis og fíknivanda er æskileg.
- Þekking á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar er æskileg.
- Reynsla og hæfni til að halda námskeið mikilvæg.
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum er mikilvæg.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfileikar.
- Góð tölvukunnátta í Word og Excel.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sálfræðingafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóna Guðný Eyjólfsdóttir í síma 411-9000 eða með því að senda fyrirspurn á jona.g.eyjolfsdottir@reykjavik.is

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf**

Umsóknarfrestur er til **5. febrúar 2014.**

ÍAV 1954 2014 60

# Húsasmiðir

ÍAV óskar eftir að ráða húsasmiði til starfa



*Upplýsingar veitir Dagmar Viðarsdóttir mannauðsstjóri í síma 530-4200. Umsóknir óskast fylltar út á heimasvæði okkar www.iav.is*

ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200

www.vinna.is

vinna.is sími: 511 1144

Jafnlaunaúttekt PwC 2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

# Öryggisstjóri óskast

Öryggisstjóri ber ábyrgð á að þróun, rekstur og viðhald á kerfi öryggisstjórnar uppfylli kröfur Landsvirkjunar og tryggir að fyrirtækið starfi í samræmi við OHSAS 18001 staðal. Öryggisstjóri starfar þvert á fyrirtækið, áhættugreinir og leitast við að uppfylla öryggisþarfir mismunandi sviða. Auk þess starfar öryggisstjóri með neyðarstjórn Landsvirkjunar, vinnur með gæðastjóra og aðstoðar við þróun og rekstur stjórnkerfis fyrirtækisins.

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af öryggistjórnun, þekking á stjórnkerfisstöðlum og hugmyndafræði öryggisstjórnar
- Reynsla í stjórnun og innleiðingu breytinga
- Færni í samskiptum, sveigjanleiki og sannfæringarkraftur
- Tölvufærni
- Hæfni til að leiða hópa, halda framsögu og setja fram upplýsingar á skýran hátt

**Sótt er um starfið á vef Capacent**
Nánari upplýsingar um starfið veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is), Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent og Sturla Jóhann Hreinsson á starfsmannasviði Landsvirkjunar (sturla.johann.hreinsson@landsvirkjun.is).
Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar.



# Bifvélavirki

Óskum eftir bifvélavirkja á verkstæði okkar.
Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur frumkvæði, góða samstarfshæfileika og hæfni til að vinna sjálfstætt.

Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið bilvogurmot@simnet.is

**Bílvogur ehf**
Auðbrekka 17, 200 Kópavogi
s. 564 1180

Póst dreifing

## Sölu- og markaðsfulltrúi

Póstdreifing óskar eftir öflugum sölu- og markaðsfulltrúa til starfa á fyrirtækjamarkaði.

**Starfslýsing:**
- Kynning á þjónustu til viðskiptavina.
- Samskipti við viðskiptavini.
- Tilboðsgerð og eftirfylgni.
- Þarfa- og markhópagreining.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Hæfni og þekking:**
- Viðskiptafræðimenntun.
- Reynsla af sambærilegum störfum.
- Góð tölvukunnátta.
- Söluhæfileikar og frumkvæði.
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Þjónustulipurð.

Í boði er áhugavert starf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Bára Teitsdóttir í síma 585 8300.
Umsóknum ásamt starfsferilskrá skal skila rafrænt á netfangið annabara@postdreifing.is fyrir **7. febrúar 2014**.
Viðkomandi þarf að hefja störf eigi síðar en í mars.

NORÐURORKA
VIRÐING – FAGMENNSKA – TRAUST

Meginhlutverk Norðurorku hf. er að þjónusta heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni og rekstri dreifikerfis raforku og fráveitu.

Norðurorka hf. rekur rafveitu og fráveitu á Akureyri og hita- og vatnsveitu á Akureyri, Hrísey, Eyjafjarðarsveit og á Svalbarðsströnd. Þá rekur Norðurorka hf. hitaveitu á Ólafsfirði, Hörgársveit, Grenivík og í Fnjóskadal. Norðurorka hf. starfar samkvæmt vottuðu gæðakerfi ISO 9001.

## Norðurorka hf. óskar að ráða verkefnastjóra á framkvæmdasvið

Framkvæmdasvið sinnir uppbyggingu, rekstri og viðhaldi veitukerfa, ásamt stýringu og vöktun. Norðurorka hf. tók við fráveitukerfi Akureyrar um áramótin og áætlar að byggja skólphreinsistöð á næstu árum. Auk almennra sérfræðivinnu á framkvæmdasviði verður meginverkefni nýs verkefnastjóra að hafa umsjón með fráveitukerfinu, skipulagi rekstrar, hönnun og uppbyggingu nýlagna, hönnun og endurnýjun í eldri hverfum og hönnun og uppbyggingu hreinsistöðvar.
Við leggjum áherslu á öruggan og hagkvæman rekstur allra veitna sem jafnframt felur í sér þróun þeirra og tæknivæðingu. Við leitum að sérfræðingi sem er tilbúinn til að taka þátt í þessum verkefnum með sérstakri áherslu á þróun og uppbyggingu fráveitunnar.

Starfið heyrir undir sviðsstjóra framkvæmdasviðs.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Uppbygging, rekstur og viðhald veitukerfa með sérstakri áherslu á fráveitukerfi.
- Skilgreining og innleiðing á verkferlum fráveitu.
- Aðlögun fráveitu að vottuðu gæðakerfi Norðurorku hf.
- Samskipti við hönnuði og ráðgjafa.
- Önnur verkefni eftir ákvörðun yfirmanns.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði eða sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla í rekstri og/eða hönnun fráveitukerfa er æskileg.
- Góð tölvukunnátta.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Umsjón með ráðningu hefur Guðrún Björg Harðardóttir **(gbh@no.is).**

**Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar nk**.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á netfangið **gbh@no.is.**
Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og afrit af prófskírteinum.

**Norðurorka hf.** www.no.is – sími 460-1300



# Komdu með okkur inn í framtíðina

Sæktu um fyrir 3. feb.

## Skarpgreindur gagnagleypir

**Sérfræðingur í vinnslu og greiningu gagna.**

Við erum á fullu að byggja upp og þróa viðskiptagreind og greiningu hjá Nova. Okkur vantar sérfræðingi til að leiða þetta starf. Viðkomandi þarf því að hafa sérþekkingu á úrvinnslu gagna, framsetningu og greiningu á upplýsingum. Þarf líka að búa yfir ofurkunnáttu í Excel, hafa þekkingu og helst góða innsýn í högun gagnagrunna og SQL. Já og ef þú kannt á QlikView, þá er það kostur.

Ekki er verra að hafa óeðlilegan áhuga á markaðsmálum og geta greint og nálgast gögn sem skila sér í markaðslegum tilgangi. Háskólapróf eða sambærilegt nám og starfsreynsla er skilyrði.

## Viðmótsþýður vinnuþjarkur

**Viðmótshönnuður.**

Hjá Nova eru þróaðar ótal skemmtilegar lausnir, öpp, vefir og hvað þetta nú heitir allt saman. Við leitum að grúskara sem er snillingur í nytsemi notendaviðmóta, elskar Wireframe og notendur. Aðila sem veit allt um aðgengismál (en er ekki með þau á heilanum), greinir aðalatriði frá aukaatriðum, er skipulagður og finnst gaman að vinna í hópi, en líka sjálfstætt. Þetta er með öðrum orðum fjölbreytt og stórskemmtilegt starf þar sem reynsla af viðmótshönnun er skilyrði.

Áhugasamir sæki um á **www.radum.is** fyrir 3. febrúar.
Allar nánari upplýsingar veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir, **hildur@radum.is**, sími 519 6770.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

RÁÐUM Atvinnustofa
VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2012
NOVA

# Vegna aukinna umsvifa á Íslandi

**Óskum við eftir að ráða öfluga tæknimenn.**
**Við leitum að jákvæðum, drífandi og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.**

**Starfssvið tæknimanna:**

- Fóðra lagnir með Prosoc og Proline aðferðinni
- Önnur tilfallandi verkefni sem snúa að lagnafóðrun

**Hæfniskröfur:**

- Iðnmenntun eða önnur sambærileg reynsla
- Starfsreynsla og góð þekking á faginu
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Íslenskukunnátta er skilyrði

PROLINE

Í boði eru störf hjá öflugu og traustu fyrirtæki þar sem pláss er fyrir einstaklinga sem vilja ná afburðar árangri

Umsóknarfrestur er til og með 15. febr. n. k. - Upplýsingar: Stefán Ólason, stefan@proline.is • Umsóknir óskast fylltar út á proline.is

Proline Group er leiðandi fyrirtæki í viðgerðum á frárennslislögnum og er starfandi í 12 löndum, hjá okkur starfa 420 metnaðarfullir starfsmenn. Höfuðstöðvar Proline Group eru staðsettar í Stokkhólmi. • Proline Grop býður uppá heildarlausnir við lagfæringar á frárennslislögnum. Markmið okkar er að leysa vandamál á þægilegan og hagkvæman hátt, með hágæða faglegri vinnu, með lámarksraski fyrir húseigendur.

ALLRA

*Ráðgjafi / sölufulltrúi óskast*

- Leitum að duglegum og heiðarlegum einstaklingum, með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði, drifkraftur og skipulögð vinnubrögð eru góðir eiginleikar. Þarf að geta unnið í hóp án vandkvæða.
- Allra Ráðgjöf er ungt og framsækið fyrirtæki sem miðlar fjárhagslausnum og tryggingum.
- Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál !

**Umsóknir ásamt starfsferilsskrá sendist á**
**atvinna@allra.is**

Kaupfélag Borgfirðinga rekur búrekstrardeild, sem selur ýmsar rekstrarvörur fyrir landbúnað og fleira. Vöruval og starfsemi er að mestu sniðið að þörfum bænda, þótt einnig sé horft til þjónustu við aðra, m.a. sumarbústaðaeigendur.

KB er þátttakandi í smásölumarkaði í samstarfi við Kaupfélag Suðurnesja í gegnum Samkaup.

Önnur starfsemi er rekstur á fasteignum í Borgarnesi og á Akranesi, félagið á hluti í öðrum fyrirtækjum. Þar má nefna Borgarland ehf, KB framfarafélag ehf og Fóðurblönduna hf.

# Afgreiðslumaður

Kaupfélag Borgfirðinga óskar eftir þjónustuliprum og hraustum afgreiðslumanni.

**Starfssvið**

- Almenn afgreiðslu- og þjónustustörf í verslun
- Vörumóttaka og afgreiðsla af lager

**Menntun og hæfniskröfur**

- Búfræðimenntun eða önnur gagnleg menntun á sviði starfseminnar
- Þekking á landbúnaði og aðstæðum á Vesturlandi nauðsynleg
- Reynsla af störfum við verslun og þjónustu æskileg
- Lyftarapróf ásamt ríkri þjónustulund nauðsynleg
- Starfið krefst hreysti og krafa er um reykleysi
- Þekking á DK afgreiðslu- og bókhaldskerfi er kostur

## Upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

KORTA ÞJÓNUSTAN

Kortaþjónustan hf. er greiðslustofnun og er aðili að Visa Europe og MasterCard International. Árið 2005 fékk Kortaþjónustan, fyrst allra fyrirtækja á Íslandi, PCI DSS vottun og hefur fengið hana endurnýjaða árlega síðan. **www.korta.is**

# Sérfræðingar á upplýsingatæknisvið

Vegna aukinna umsvifa leitar Kortaþjónustan hf. að sérfræðingum í eftirtaldar stöður á upplýsingatæknisviði. Hjá Kortaþjónustunni starfar öflug liðsheild, hópur heiðarlegra og framsækinna einstaklinga sem takast á við verkefnin. Vilt þú bætast í hópinn?

## Öryggis- og gæðastjóri

**Starfssvið**

- Öryggis- og gæðastjóri sér um utanumhald og skipulag á öryggismálum og tryggir að félagið og afurðir þess hlíti kröfum öryggisstaðla. Auk þess starfar öryggisstjóri að áhættumati, viðbragðsáætlunum, fræðslu til starfsmanna og viðskiptavina, stýrir öryggisnefnd svo eitthvað sé nefnt.

**Hæfniskröfur**

- Háskólapróf æskilegt, haldgóð þekking og reynsla af öryggis- og gæðastöðlum og framkvæmd á gagnaöryggi, þ.m.t. PCI DSS, ISO stöðlum. Umsækjandi skal tiltaka sérstaklega námskeið sem gætu nýst.

## Sérfræðingur í kerfisrekstri

**Starfssvið**

- Í starfinu felst m.a. umsjón og daglegur rekstur á netþjónum og hugbúnaði, uppsetning og bilanagreining miðlægra kerfa, greining logga og fyrirbyggjandi aðgerðir vegna miðlægra UT-kerfa, lágmörkun rekstrartruflana.

**Hæfniskröfur**

- Háskólapróf æskilegt, a.m.k. 2 ára reynsla af kerfisstjórnun, víðtæk reynsla af tæknilegri áætlanagerð og greiningu vandamála, góð þekking á almennum tækniumhverfum, frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi, lipurð í mannlegum samskiptum.

## Upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

**Umsóknir ásamt ferilskrá og fylgigögnum óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Íslensk erfðagreining er í fararbroddi rannsókna á erfðum algengra sjúkdóma og býður starfsmönnum upp á mikla möguleika á starfsþróun og símenntun í alþjóðlegu starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun, hugmyndavinnu og góðum starfsanda.

Íslensk erfðagreining er staðsett í Sturlugötu 8, 101 Reykjavík.

# Íslensk erfðagreining leitar að hæfu og metnaðarfullu fólki í eftirtalin störf:

## Verkefnastjóri í tölfræði- og úrvinnsludeild

**Hlutverk**

Við leitum að öflugri og ábyrgri manneskju til þess að:

- leiða hóp tölfræðinga og annarra sem vinna að úrvinnslu og túlkun erfðafræðigagna
- greina og túlka raðgreiningargögn frá sjúklingum
- nota, prófa og aðstoða við uppbyggingu á greiningarferlum
- innleiða og bæta skrá klínískra gagna

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- M.Sc. eða hærri gráða í tölfræði, stærðfræði, tölvunarfræði verkfræði eða skyldum greinum
- Nokkurra ára starfsreynsla á viðkomandi sviði
- Reynsla af notkun gagnaveita tengdum erfðafræðivísindum eða læknisfræði (t.d. UCSC genome browser, OMIM genome browser)
- Menntun eða reynsla á sviðum læknisfræði, erfðafræði eða tengdra greina er kostur
- Sterkir leiðtogahæfileikar, þarf að geta byggt upp öfluga liðsheild
- Geta og áhugi fyrir að vinna í þverfaglegu umhverfi
- Mjög góð enskukunnátta nauðsynleg

## Sérfræðingur í tölfræði- og úrvinnsludeild

**Hlutverk**

Við leitum að áhugasömum einstaklingi til þess að:

- greina og túlka raðgreiningargögn frá sjúklingum
- nota, prófa og aðstoða við uppbyggingu á greiningarferlum
- innleiða og bæta skrá klínískra gagna

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- B.Sc. gráða í tölfræði, stærðfræði, tölvunarfræði verkfræði eða skyldum greinum
- Geta og vilji til þess að vinna í hóp
- Geta og áhugi fyrir að vinna í þverfaglegu umhverfi
- Góð almenn tölvukunnátta og afburða tölvulæsi
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Góð færni í samskiptum á ensku

## Hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að hugbúnaðarsérfræðingi til að styrkja Bioinformatics (lífupplýsingafræði) hópinn okkar. Hópurinn þróar og rekur kerfi sem vinna úr þeim gögnum sem verða til innan fyrirtækisins dag hvern. Vinnslan fer að stærstum hluta fram á tölvuklasa (cluster) og fellur í flokk Big Data og high-throughput computing (HTC). Einnig þróar hópurinn verkfæri sem gera öðrum sérfræðingum og vísindamönnum fyrirtækisins kleift að rata um gögnin og gera nýjar uppgötvanir í erfðafræði.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- B.Sc. í tölvunarfræði, lífupplýsingafræði eða skyldum greinum (stærðfræði, verkfræði …)
- Reynsla í Python, Java eða C/C++
- Reynsla af Linux umhverfi
- Öguð vinnubrögð
- Reynsla af eða áhugi á Big Data, HTC, úrvinnslu vísindagagna eða erfðafræði er kostur
- Góð færni í ensku æskileg

## Starfsfólk á erfðarannsóknarsviði

Við leitum að fólki til starfa á rannsóknarstofum erfðarannsóknarsviðs fyrirtækisins. Um er að ræða krefjandi og áhugaverð störf sem snúa að einangrun erfðaefnis, arfgerðargreiningu og raðgreiningu erfðamengja. Unnið er samkvæmt viðurkenndum gæðastöðlum við skráningu og vinnslu lífsýna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun (B.Sc.) á sviði lífeindafræði, líffræði, lífefnafræði, erfðafræði eða efnafræði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð færni í ensku og íslensku
- Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af störfum á rannsóknarstofu
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Skipulögð vinnubrögð og nákvæmni
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

**Upplýsingar veita:**

Rannveig Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar 2014.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

HEILSUGÆSLAN

**Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi. Hún samanstendur af fimmtán heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, Þroska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna, Geðheilsu-eftirfylgd/iðjuþjálfun og stjórnsýslu Heilsugæslunnar. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins starfa nálægt 600 manns.**

# Heilsugæslulæknar við Heilsugæsluna í Árbæ

Lausar eru til umsóknar tvær 100% stöður heilsugæslulækna við Heilsugæsluna í Árbæ. Æskilegast er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Umsóknarfrestur er til 10. febrúar, 2014. Á heilsugæslustöðinni eru starfandi sérfræðingar í heimilislækningum ásamt sérnámslæknum, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og riturum. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar er að finna á **www.heilsugaeslan.is/heilsugaeslustodvar/arbaer/**

## Helstu viðfangsefni og ábyrgð

Starfssvið heilsugæslulækna er m.a.:
- Almennar lækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónustuna
- Kennsla nema

## Hæfnikröfur:

- Krafist er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum.
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisvinnu.

Til greina kemur að ráða sérnámslækni í heimilislækningum ef ekki tekst að ráða lækni með sérfræðiviðurkenningu í heimilislækningum til starfa.

## Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.Stéttarfélag er Læknafélag Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf, vísinda- og rannsóknarstörf.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

## Nánari upplýsingar um starfið veitir

Gunnar Ingi Gunnarsson, yfirlæknir í Árbæ
í síma: 585-7800 eða með tölvupósti:
**gunnar.i.gunnarsson@heilsugaeslan.is**

Sækja skal um starfið rafrænt á vefsíðu Heilsugæslunnar **(www.heilsugaeslan.is)** eða á Starfatorgi **(www.starfatorg.is).**

*Reykjavík, 25. janúar 2014*
*Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins*
**www.heilsugaeslan.is/** Álfabakka 16,109 Reykjavík

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta - Framþróun**

# Sérfræðingur á vörustýringarsviði

Öryggismiðstöðin óskar eftir að ráða yfirburða talnaglöggan einstakling í starf sérfræðings á vörustýringarsviði. Menntun á sviði verkfræði eða viðskipta með áherslu á vörustjórnun og áætlanagerð er skilyrði. Árangur í sambærilegum fyrri störfum er kostur en starfið gæti einnig hentað nýlega útskrifuðum háskólanemum sem hafa metnað og áhuga á að ná árangri í starfi. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

**Starfsvið:**
- Greiningarvinna, áætlanagerð og árangursmælingar
- Þróun ýmissa reiknilíkana, gagnavinnsla, útreikningar og skýrslugjöf
- Stýring innkaupa, birgðastýring og samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Flutningamál
- Lagerskipulagning

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði eða viðskiptafræði með áherslu á vörustjórnun
- Starfsreynsla af innkaupum og áætlanagerð er kostur
- Hæfni í samningagerð og samskiptum
- Greiningarhæfni og talnagleggni
- Reynsla af Microsoft Navision æskileg
- Afbragðskunnátta og þekking á Excel
- Góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg
- Geta til að vinna undir álagi og metnaður til að ná árangri
- Nákvæmni í vinnubrögðum og geta til að leiðbeina öðrum
- Jákvætt viðhorf og lipurð í samskiptum

**Umsóknir skal senda á netfangið atvinna@oryggi.is, merkt „Sérfræðingur á vörustýringarsviði“. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi. Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2014.**

Öryggismiðstöðin var stofnuð árið 1995 og býður upp á lausnir í öryggis- og velferðarmálum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismiðstöðin hefur á síðustu fjórum árum hlotið viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki ársins. Gildi fyrirtækisins eru forysta, umhyggja og traust.

VR Fyrirmyndarfyrirtæki 2010 | VR Fyrirtæki ársins 2011 | VR Fyrirtæki ársins 2012 | VR Fyrirtæki ársins 2013

ÖRYGGI VELFERÐ

PIPAR\TBWA • SÍA • 140236

**Sími 570 2400 · oryggi.is**
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Þjónustumiðstöð/áhaldahús**
- verkstjóri vélaverkstæðis

**Hjúkrunarheimilið Ísafold**
- starfsmaður við dagdvöl

**Hofsstaðaskóli**
- leiðbeinandi í tómstundaheimili

**Bókasafn Garðabæjar**
- starfsmaður í hlutastarfi

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Fræðslunetið | Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu FAS

# Nýtt starf

Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) auglýsa sameiginlega eftir náms- og starfsráðgjafa í fullt starf. Starfsstöðin er í Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Starfssvið er starfs- og námsráðgjöf og verkefnisstjórn fyrir Fræðslunetið á Suðausturlandi og náms- og starfsráðgjöf í FAS. Ráðningartími frá 1. mars 2014.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af eða þekkingu á framhaldsfræðslu og framhaldsskólum. Lögð er áhersla á frumkvæði í starfi, sjálfstæð vinnubrögð og framúrskarandi samskiptahæfni.

**Umsóknarfrestur er til 20. febrúar nk.**
Umsóknir um starfið með upplýsingum um menntun og fyrri störf, auk meðmæla berist

Eyjólfi Guðmundssyni
skólameistara FAS **(eyjo@fas.is)**
eða
Ásmundi Sverrir Pálssyni
framkvæmdastjóra Fræðslunetsins
**(asmundur@fraedslunet.is)**




# KLETTUR - SALA OG ÞJÓNUSTA LEITAR EFTIR STARFSFÓLKI

**VERKSTÆÐI**

Bifvélavirkja, vélvirkja eða fólk með mikla reynslu, vantar til starfa á vörubílaverkstæði Kletts.

Starfið felst í viðhalds- og viðgerðaþjónustu á vörubílaverkstæði Kletts. Verkstæðið er mjög vel tækjum búið og öll starfsaðstaða til fyrirmyndar.

**VARAHLUTAVERSLUN**

Starfsmann vantar til starfa í varahlutaverslun Kletts.

Starfið felst í sölu varahluta til viðskiptavina Kletts. Góð tölvukunnátta og þekking á sölu sambærilegra vara og Klettur býður er mikilvæg.

*Hjá Kletti starfa um 60 manns við þjónustu og sölu á meðal annars Scania, Caterpillar, IR loftpressum og Goodyear hjólbörðum.*

**Áhugasamir vinsamlega hafi samband við Svein Símonarson í síma 825 5752 eða svsi@klettur.is**

KLETTUR



**Klettagörðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590-5100 | klettur.is**




# Vöru- og viðskiptaþróunarstjóri

## Já leitar að kraftmiklum aðila í stjórnendahóp félagsins

**Helstu verkefni:**

- Yfirumsjón með vörustjórnun, viðskiptalegum hluta vöruþróunar og stuðningi við söludeild
- Gerð viðskipta- og rekstraráætlana nýrra vara í samstarfi við önnur svið
- Daglegur rekstur og þátttaka í stefnumörkun félagsins

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í viðskiptum, fjármálum eða verkfræði
- Áhugi á tæknilegum hluta rekstrarins, reynsla af hugbúnaðargerð kostur
- Þekking á sölu- og markaðsstarfi
- Framsýni og viðskiptavit

**Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar nk.**

Umsókn ásamt kynningarbréfi og ferilskrá skal senda á netfangið sigridur@ja.is

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri, í síma 898 7166.

# Viðskiptastjóri

## Söludeild Já leitar að frábærum vinnufélaga í hópinn. Um er að ræða starf við sölu auglýsinga í miðla Já

**Helstu verkefni:**

- Sala auglýsinga
- Samskipti við auglýsendur
- Tilboðsgerð og gerð samninga

**Hæfniskröfur:**

- Sjálfstæð, vönduð og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta, Word, Excel og PowerPoint
- Reynsla af sölu á fyrirtækjamarkaði er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar nk.**

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið dagny@ja.is

Nánari upplýsingar veitir Dagný Laxdal, sölustjóri, í síma 892 3217 .

Já er þjónustufyrirtæki sem hefur þá einföldu stefnu að auðvelda viðskipti og samskipti. Já hefur sett sér þau markmið að setja notandann í fyrsta sæti, ástunda nýsköpun á öllum sviðum, vera eftirsóknarvert fyrirtæki og skapa verðmæt viðskiptasambönd.

já




# Nýtt starf í spennandi umhverfi

## Matreiðslumaður óskast til starfa hjá Hrafnistu í Reykjanesbæ

Í marsmánuði hefur Hrafnista rekstur tveggja hjúkrunarheimila í Reykjanesbæ, á Nesvöllum og Hlévangi. Öll matseld fyrir heimilin verður í nýju miðlægu eldhúsi í glæsilegri þjónustumiðstöð á Nesvöllum. Auk matseldar fyrir hjúkrunarheimilin er matreitt fyrir gesti þjónustumiðstöðvarinnar svo og fyrir margs konar viðburði og skemmtanir. Náin samvinna er við eldhús Hrafnistu í Reykjavík.

Matreiðslumaður hefur yfirumsjón og ber ábyrgð á allri matreiðslu sem fram fer í eldhúsinu svo og á matarinnkaupum. Vinnuskipulag og mannaforráð eru á hans hendi. Vinnutími er virka daga frá kl. 07:30-15:30. Leitað er að einstaklingi sem hefur til að bera drifkraft og metnað til að móta og þróa starfsemina.

**Umsækjandi þarf að hafa:**

- Réttindi sem matreiðslumaður
- Reynslu af stjórnun eldhúsa æskileg
- Áhuga á fjölbreyttri og hollri matargerð
- Góða framkomu og þjónustulund
- Mjög góða hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsækjandi þarf að geta hafið störf 1. mars nk.**
**Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar nk.**

**Nánari upplýsingar:**
Magnea Símonardóttir í síma 585 9529
Umsóknareyðublöð fást á **www.hrafnista.is**

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur

---

UN WOMEN ÍSLENSK LANDSNEFND
United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women

## Langar þig til að taka þátt í að efla jafnrétti út um allan heim?

Þá er UN Women rétti staðurinn fyrir þig!

UN Women á Íslandi leitar að hörkuduglegu og samviskusömu fólki til að sinna úthringingum í vor. Unnið er frá 17.00-21.00 tvo virka daga og því tilvalið fyrir skólafólk.

Verkefni úthringjara er þáttur í fjáröflun samtakanna. UN Women á Íslandi treystir á frjáls framlög í fjáröflun sinni og því er þetta verkefni mikilvægur liður í því markmiði. Framlög til UN Women renna í verkefni sem stuðla að jafnrétti og valdeflingu kvenna.

Starfsmaðurinn þarf að vera opinn, framfærinn, áreiðanlegur og samviskusamur. Áhugi og þekking á þróunarmálum, jafnréttismálum og málstað UN Women er kostur.

Ef þér er annt um jafnrétti, mannréttindi og réttlæti er þetta starf fyrir þig!

Áhugasamir sendi tölvupóst á alfheidur@unwomen.is fyrir 1. febrúar

---

Sjúkrahúsið á Akureyri
ÖRYGGI - SAMVINNA - FRAMSÆKNI

## Sálfræðingur

50% staða sálfræðings á göngudeild geðlækninga er laus til umsóknar. Staðan veitist frá 1. mars 2014 eða eftir samkomulagi.

Umsækjandi skal hafa framhaldsmenntun í klínískri sálfræði og hafa reynslu af greiningu og meðferð fullorðinna einstaklinga með geðraskanir. Leitað er eftir sálfræðingi með reynslu af þverfaglegri teymisvinnu heilbrigðisstétta. Þjálfun í hugrænni atferlismeðferð og reynsla af beitingu hennar er kostur. Auk fagþekkingar er lögð áhersla á hæfileika á sviði samskipta og samvinnu. Sálfræðingur mun annast sálfræðilega greiningu, meðferð og ráðgjöf. Næsti yfirmaður sálfræðings er forstöðulæknir geðlækninga við Sjúkrahússið á Akureyri.

Upplýsingar um stöðuna veitir Sigmundur Sigfússon forstöðulæknir geðlækninga í síma 8600513 eða
Alice Harpa Björgvinsdóttir yfirsálfræðingur í síma 463 0202.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og Fjármálaráðuneytisins.
Umsóknum um starfið skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um menntun, starfsferil, rannsóknir, ritstörf og kennslustörf og skal skilað fyrir 15. febrúar 2014, til starfsmannastjóra, **thora@fsa.is**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru: **ÖRYGGI – SAMVINNA – FRAMSÆKNI.** Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklaus vinnustaður. Sjúkrahúsið á Akureyri veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu, þar sem áhersla er lögð á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir. Sjúkrahúsið er annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins og er kennslusjúkrahús.

---

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

---

# hugbúnaðarsérfræðingar

**Midi.is óskar eftir hugbúnaðarsérfræðingum**
Midi.is er stærsti og vinsælasti miðasöluvefur á Íslandi. Við önnumst miðasölu á mannfagnaði og viðburði svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira.

Við leitum að hugbúnaðarsérfæðingum í þétt teymi sem leiðir fjölbreytta þróun.
Það sem við tileinkum okkur í hönnun og forritun er .NET, C#, MVC, jQuery, Javascript, HTML5/CSS3, SQL, WS WebApi, Responsive Design og Agile aðferðafræði.
**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun eða sambærileg menntun á sviði tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði.
- Lágmark tveggja ára reynsla í þróun hugbúnaðar.

**Í boði er:**
- Hvetjandi starfsumhverfi.
- Krefjandi verkefni.
- Tækifæri til að móta og skapa nýjar lausnir.

**Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.**
**Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2014. Vinsamlega sendið allar umsóknir á netfangið olafur@midi.is.**

midi.is

# Læknamóttökuritari

**55% staða** sem krefst þess þó að viðkomandi geti unnið hærra vinnuhlutfall án fyrirvara í undantekningartilfellum. Nauðsynlegt er að viðkomandi reyki ekki, sé sjálfstæður og vanur tölvuvinnu, kassauppgjörsvinnu og helst bókhaldi. Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, uppgjörs- og/eða bókhaldsvinnu, persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti auk valupplýsinga eins og um veikindi og meðmælendur óskast strax

umsoknir sendist á **starfsumsokn@gmail.com.**

# ARKITEKT

**Basalt arkitektar óska eftir að ráða metnaðarfullan og hæfileikaríkan arkitekt.**

Eftirfarandi er haft til hliðsjónar við mat á umsóknum:
- Fullnaðarpróf í arkitektúr
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Starfsreynsla
- Góð þekking á teikniforritum, bæði í tvívídd og þrívídd, reynsla af Bentley Microstation/BIM er kostur.

**Upplýsingar um Basalt arkitekta má finna á www.basalt.is**

Áhugasamir vinsamlegast sendi ferilskrá ásamt sýnishornum af verkum rafrænt á svar@basalt.is (max 10 mb)
Vinsamlegast einskorðið samskipti við tölvupóst.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál

basalt arkitektar

# VIÐ BÆTUM Í HÓPINN

LAND-ROVER SUBARU BMW HYUNDAI D-MAX RENAULT NISSAN DACIA

## BL ehf. óskar að ráða aðalbókara

**Starfssvið:**
Aðalbókari stýrir bókhaldsvinnslu BL og er ábyrgur fyrir því að bókhaldið sé fært í samræmi við bókhaldslög og gildandi fjárhagsáætlanir hverju sinni. Aðalbókari vinnur að undirbúningi og gerð ársreikninga í samráði við fjármálastjóra og endurskoðanda ásamt því að sjá um:

- Uppgjör virðisaukaskatts og skýrslur þar að lútandi.
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf fyrir stjórnendur félagsins.
- Skráning fylgiskjala, eftirlit með afstemmingu fjárhagsbókhalds og viðskiptareikninga.
- Starfsmannahald á skrifstofu.

**Hæfniskröfur:**
- Viðskiptafræðimenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegu starfi.
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð.

Sótt er um starfið með því að senda tölvupóst á **starfsumsokn@bl.is**. Umsóknarfrestur er til **1. febrúar nk.** Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur Hauksdóttir, starfsmanna- og gæðastjóri, netfang: **hrafnhildur.hauksdottir@bl.is**

ENNEMM / SÍA / NM61139

Starfsfólk BL leitast eftir að ráða til sín samstarfsfólk sem hefur gaman af að veita góða þjónustu, löngun til að skara framúr, hefur nægjanlegt sjálfstæði til að grípa inn í og stýra málum í réttan farveg, hefur gaman af samvinnu og mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst er létt í lund.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

14-0160 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# *Framkvæmdastjóri flugvallarsviðs Keflavíkurflugvallar*

## *Isavia leitar að öflugum stjórnanda í spennandi starf*

*Leitað er að öflugum stjórnanda í starf sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.*

*Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi.*

HAGVANGUR

**Meðal verkefna framkvæmdastjóra flugvallarsviðs á Keflavíkurflugvelli eru:**
- Að tryggja daglega þjónustu og rekstur flugvallarkerfis í samræmi við lög og reglur um loftferðir
- Annast áætlanagerð og eftirlit með fjárhag, framkvæmdum og öryggismálum
- Stjórnun starfsmannamála
- Hámarka afkomu af eignum sem sviðið hefur til ráðstöfunar

Nánari upplýsingar fást hjá **Þóri Þorvarðarsyni** – **thorir@hagvangur.is** .
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**. Umsóknarfrestur er til og með **3. febrúar**.

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 850 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

isavia

# HAGKAUP
## SKRIFSTOFA

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

***Hagkaup óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu Hagkaups. Starfið er fólgið í tölvuvinnslu, myndatökum og verðkönnunum.***

- Við leitum að einstaklingi sem er nákvæmur, heiðarlegur og góður í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á Navision og geti unnið sjálfstætt og vel undir álagi.
- Umsóknum skal skilað inn á skrifstofu Hagkaups í Holtagörðum eða í tölvupósti á starfsmannahald@hagkaup.is fyrir 29. janúar.
- Allar nánari upplýsingar veitir Arndís Arnarsdóttir starfsmannastjóri í síma 563 5000.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



## Air Atlanta Icelandic is looking for qualified employees

We offer a challenging work environment, a chance to learn new skills and develop current skills further, good on-the-job training and good work conditions.

### New team member in Crew Scheduling for immediate employment

**Education and Qualification**

- An interest in the field of aviation
- Excellent attention to detail
- Good computer knowledge
- Good communication skills
- Excellent attention to detail
- Fluent English, other languages are a plus
- Completed secondary school or similar

### New team member in Operation Control Center for immediate employment

**Education and Qualification**

- Knowledge of IT systems relevant to airline operations
- Experience in an airline Operations Environment
- Preferably pilot and/or Dispatch license
- Excellent attention to detail
- Skills to delegate and work under intensive time pressure
- Fluent English, other languages are a plus
- Completed secondary school or similar

Interested candidates please send your application to Human Resources at hr@airatlanta.com before **7th of February 2014**

AIR ATLANTA ICELANDIC

Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com

## CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt. Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.**

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## GEÐSVIÐ
## Hjúkrunarfræðingar

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á sameinaðar deildir, göngudeild og sérhæfða endurhæfingargeðdeild, Kleppi.

Sérhæfð endurhæfingargeðdeild er 10 rúma legudeild sem sinnir meðferð á alvarlega geðsjúkum og fjölskyldum þeirra. Stór hluti sjúklinganna eru ungmenni á aldrinum 18-30 ára. Flestir eru greindir með geðklofa og u.þ.b. helmingur þeirra á einnig við fíknivanda að stríða.

Áhersla er lögð á að virkja sjúklingana á allan mögulegan hátt á deildinni, úti í samfélaginu og í samstarfi við iðjuþjálfun á Kleppi. Göngudeildin á Kleppi sérhæfir sig í eftirfylgd þessa skjólstæðingahóps.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Hjúkrunarfræðingur ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu
» Helstu þróunarverkefni á næstunni er innleiðing fjölskylduvænnar endurhæfingargeðdeildar í anda batastefnu og HAM meðferðarnálgun

### Hæfnikröfur

» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
» Framúrskarandi samskiptahæfni skilyrði
» Reynsla af geðhjúkrun er æskileg en ekki skilyrði
» Áhugi á geðhjúkrun skilyrði

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar 2014.
» Starfshlutfall er 80-100% og eru störfin laus samkvæmt samkomulagi.
» Umsókn skulu fylgja náms- og starfsferilskrá. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
» Upplýsingar veita Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, deildarstjóri, eydissve@landspitali.is, sími 824 5340 og Sigríður Edda Hafberg, mannauðsráðgjafi, shafberg@landspitali.is, sími 825 9331.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

**Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun**

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- **Sérkennslustjóri í leikskólann Austurkór**
- **Kennari í forfallakennslu í Kársnesskóla**
- **Lögfræðingur í lögfræðideild Kópavogsbæjar**
- **Talmeinafræðingur**
- **Þroskaþjálfi á hæfingarstöð fyrir fatlaða**

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Starfsmaður óskast í Dogma Smáralind.

Við auglýsum eftir starfsmanni í fullt starf í verslun okkar í Smáralind. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega, vera 20 ára eða eldri, reyklaus, og hafa reynslu af afgreiðslustörfum.

Umsókn með mynd sendist á dogma@dogma.is

DOGMA



# VERSLUNARSTARF TÍSKA

Við leitum að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingum í fullt starf í verslanir okkar.

Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri, góðir í mannlegum samskiptum og hafa áhuga og reynslu af sölustörfum.

Áhugasamir sendi póst ásamt ferilskrá á: cv@zara.is eða skili umsóknum í verslanir.

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar.

ZARA

# Hótel - Gestamóttaka

**Starfssvið:**

- Almenn gestamóttökustörf á hóteli á höfuðborgarsvæðinu.

**Skilyrði:**

- Reynsla af sambærilegum störfum er skilyrði.
- Reynsla af bókunarvélum og/eða markaðssetningu á netinu.

Hlutastarf er mögulegt fram á sumar en fullt starf í vaktavinnu í sumar !

Um er að ræða vaktavinnu. Góð tölvu- og tungumálakunnátta æskileg og sjálfstæð vinnubrögð.

*Umsóknir sendist á **box@frett.is** ásamt ferilskrá, farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.*

# Hjúkrunarfræðingur/ Viðskiptastjóri

**HealthCo ehf / www.ahr.is óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing í stöðu viðskiptastjóra.**

Um er að ræða 50-100% starfshlutfall eða eftir samkomulagi. Starfið felst í sölu og þjónustu við núverandi viðskiptavini félagsins og öflun nýrra viðskipta.Við leitum að kröftugum einstaklingi með frumkvæði, jákvætt viðmót, skipulagshæfileika og metnað til að ná árangri í starfi.

HealthCo ehf er sölu- og þjónustufyrirtæki á heilbrigðissviði. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir stærstu framleiðendur lækningatækja í heiminum svo sem GE Healthcare og Physio Control. Helstu viðskiptavinir okkar eru sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, einkareknar læknastofur, slökkvilið, Landhelgisgæslan og íþróttafélög um land allt.

Umsóknir skulu sendar til HealthCo ehf Hlíðarsmára 1, 201 Kópavogi eða á netfangið **HealthCo@healthco.is** fyrir 1 febrúar 2014.Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Hreiðarsson framkvæmdarstjóri, **gudmundur@healthco.is**

HEILSUGÆSLAN

**Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi. Hún samanstendur af fimmtán heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, Þroska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna, Geðheilsu-eftirfylgd/iðjuþjálfun og stjórnsýslu Heilsugæslunnar. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins starfa nálægt 600 manns.**

# Sérnámsstöður í heimilislækningum við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Lausar eru sérnámsstöður lækna í heimilislækningum við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Stöðurnar veitast til þriggja ára. Umsóknarfrestur er til 10. febrúar, 2014.

Á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fer fram skipulagt sérnám í heimilislækningum og byggir á marklýsingu Félags íslenskra heimilislækna um sérnám í heimilislækningum. Sérnámslæknar hafa sinn aðalleiðbeinanda sem fylgir þeim eftir allt námið, sem alls tekur 4 1/2 ár. Námið fer fram á heilsugæslustöðum en einnig á sjúkrahúsum samkvæmt reglugerð um sérnám í heimilislækningum. Námið er undir yfirumsjón kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum sem starfar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

## Hæfnikröfur

- Almennt lækningaleyfi.
- Mikil samskiptahæfni
- Faglegur metnaður

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Almennar lækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónusta

## Nánari upplýsingar

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf og vísinda- og rannsóknarstörf ásamt staðfestu afriti af opinberu starfsleyfi. Starfshlutfall er 100%

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.
Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Sótt er um störfin rafrænt á; **www.heilsugaeslan.is**, undir **"laus störf"**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

## Frekari upplýsingar um starfið veitir

Alma Eir Svavarsdóttir, kennslustjóri sérnáms í heimilislækningum – netfang: **alma.e.svavarsdottir@heilsugaeslan.is**
Sími: 585-1800. og Svava K. Þorkelsdóttir, mannauðsstjóri - Netfang: **svava.kristin.thorkelsdottir@heilsugaeslan.is**
Sími: 585-1317.

*Reykjavík, 25. janúar 2014*
*Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins* **www.heilsugaeslan.is**
Álfabakka 16,109 Reykjavík

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta - Framþróun**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# STAÐA AKADEMÍSKS STARFSMANNS Í ÍÞRÓTTAFRÆÐI

Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík auglýsir eftir akademískum starfsmanni á sviði íþróttafræði. Ráðið verður í stöðu aðjúnkts, lektors, dósents eða prófessors og verður starfsheitið ákvarðað út frá hæfismati.

## STARFSSVIÐ:

- Leiða þróun meistaranáms í íþróttafræðum.
- Vinna að uppbyggingu rannsókna í íþróttafræðum.
- Sinna leiðsögn meistaranema í lokaverkefnum.
- Kennsla íþróttafræðinema.
- Þátttaka í nefndum, ráðum og kynningarstarfi.

## HÆFNISKRÖFUR:

- Doktorspróf á sviði íþróttafræði eða í skyldum greinum, að öðrum kosti sambærileg reynsla.
- Rannsóknarreynsla.
- Reynsla af kennslu og metnaður á því sviði.
- Reynsla af starfsvettvangi íþrótta og íþróttafræði, s.s. kennslu í þjálffræði, þjálfunarlífeðlisfræði eða líkams- og heilsurækt, þjálfun eða kennsla barna, unglinga og/eða afreksmanna, lýðheilsustarfi eða forvarnarstarfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Umsóknarfrestur er til **1.apríl 2014.**

# STAÐA AKADEMÍSKS STARFSMANNS Í UMHVERFIS- OG BYGGINGARVERKFRÆÐI

Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík auglýsir eftir akademískum starfsmanni á sviði umhverfis- og byggingarverkfræði. Óskað er eftir leiðtoga til að styrkja umhverfistengdar áherslur í námi og rannsóknum.
Ráðið verður í stöðu aðjúnkts, lektors, dósents eða prófessors og verður starfsheitið ákvarðað út frá hæfismati.

## STARFSSVIÐ:

- Stunda rannsóknir á sviði umhverfis- og byggingarverkfræði.
- Kennsla í grunn- og framhaldsnámi.
- Sinna leiðsögn nemenda í lokaverkefnum og framhaldsnámi.
- Þátttaka í stjórnsýslu deildar og kynningarstarfi.

## HÆFNISKRÖFUR:

- Doktorsgráða í umhverfisverkfræði, byggingarverkfræði eða skyldum greinum.
- Sérfræðiþekking á einhverju af eftirtöldum viðfangsefnum: umhverfisstraumfræði, umhverfismati, greiningu umhverfisáhrifa, líftímagreiningu mannvirkja og framkvæmda, sjálfbærum og vistvænum áherslum við hönnun orkuvera og annarra mannvirkja og mótun umhverfis úrvinnslu, endurnotkun og endurnýtingu úrgangs, greiningu á orkubúskap bygginga.
- Rannsóknarreynsla.
- Reynsla af hefðbundnum verkfræðistörfum er kostur.
- Reynsla af kennslu og metnaður á því sviði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Umsóknarfrestur er til **1.apríl 2014.**

Nánari upplýsingar um störfin veita Guðrún Sævarsdóttir, deildarforseti tækni- og verkfræðideildar, **gudrunsa@ru.is** og Sigrún Þorgeirsdóttir skrifstofustjóri, **sigrunth@ru.is**.
Umsókn ásamt starfsferilskrá, afriti af viðeigandi prófskírteinum, yfirliti yfir fræðastörf og reynslu af kennslu, afritum af helsta birta efni og meðmælum, skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík, **hr.is/lausstorf**.
Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | www.hr.is



www.hrafnista.is

HRAFNISTA HAFNARFIRÐI

# Aðstoðardeildarstjóri

Staða aðstoðardeildarstjóra á hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði er laus til umsóknar.

Umsóknir berist til Árdísar Huldu Eiríksdóttur forstöðumanns Hrafnistu í Hafnarfirði, sem veitir nánari upplýsingar í síma 693 9502 og hjá ardishulda@hrafnista.is.

Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afritum af prófskírteinum. Umsóknum þarf að skila fyrir 10 febrúar 2014.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Hjúkrunarfræðingur með reynslu í hjúkrun
- Reynsla í stjórnun æskileg
- Góð þekking og reynsla af Rai mælitækinu
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Sveigjanleiki og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar

Umsóknareyðublöð fást á **www.hrafnista.is**

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur

## Ert þú hress og metnaðarfullur auglýsingasölumaður?

heimur

Útgáfufélagið Heimur hf. í Reykjavík óskar eftir hressum og metnaðarfullum sölumanni til starfa, aðallega við auglýsingasölu í tímarit og á vefinn. Ferilskrá ásamt kynningarbréfi sendist á sverrir@heimur.is fyrir föstudaginn 31. janúar.
Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf strax.

**www.heimur.is**

## Official Residence Housekeeper

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the full time position of Residence Housekeeper and Hospitality Server. The closing date for this position is February 15, 2014. Further information can be found on the Embassy's home page:

**http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html**

Please send your application and résumé to:
**reykjavikvacancy@state.gov**

## Sölumaður

Óskum eftir dugmiklum sölumanni í afgreiðslu og sölustarf. Um er að ræða framtíðarstarf hjá öflugu og rótgrónu fyrirtæki sem starfar á ýmsum mörkuðum bæði í framleiðslu- og þjónustugeira.

**Okkur vantar aðila sem hefur:**
- Frumkvæði og drifkraft.
- Getu og vilja til að læra nýja hluti.
- Góða samskiptahæfileika og jákvæðni.

Reynsla af sölustarfi æskileg.

**Umsóknir sendist í tölvupósti á: vinna@pmt.is**

Pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI — **Krókhálsi 1 · 110 Rvk · www.pmt.is**






# Smiðir
# Kranamenn
# Múrarar

**ÞG Verk vill ráða reynda smiði, kranamenn og múrara. Spennandi verkefnastaða, mikil vinna framundan. Góð laun í boði.**

Áhugasamir fylli út umsókn á **www.tgverk.is - Fyrirtækið.** Upplýsingar einnig veittar í síma **534 8400** á skrifstofutíma.

**Fossaleyni 16 · 112 Reykjavík**
**Sími 534 8400 · www.tgverk.is**

ÞG-VERK

Kringlan
AF ÖLLU HJARTA

# Þjónustufulltrúi óskast

## á þjónustuborð Kringlunnar

**Starfssvið**
- Almenn afgreiðsla
- Sala á gjafakortum o.fl.
- Umsjón með Tax-free endurgreiðslu
- Ýmis önnur verkefni

**Hæfniskröfur**
- Stúdentspróf æskilegt
- Almenn tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Enskukunnátta

Umsóknir og fyrirspurnir um starfið berist á netfangið **siggabjork@kringlan.is.**

Umsóknarfrestur er til 5. febrúar.

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

# SBJ RÉTTINGAR EHF

Óskum eftir að ráða bifreiðasmið í fullt starf.
Upplýsingar í síma 892 1822.

Kaplahrauni 12, 220 Hafnarfirði

EIGNAumsjón

## Umsjónarmaður fasteigna

Óskum eftir að ráða umsjónarmann fasteigna fyrir húsfélag í miðborg Reykajvíkur.

-

Starfið felst í almennu eftirliti með fasteignum, kerfum, samskiptum við þjónustuaðila og umsjón með sameign og lóð.

-

Lögð er áhersla á að umsækjandi hafi fagmenntun sem nýtist í starfi.Leitað er að jákvæðum, liprum og laghentum starfsmanni sem hefur ánægju af mannlegum samskiptum. Hreint sakavottorð skilyrði.

-

Starfið er metið hálft starf að meðtalinni bakvakt í fyrstu. Ráðið verður í starfið frá og með 1. mars 2014.
**Umsóknir berist fyrir 4. febrúar nk.**

Í skriflegum umsóknum komi ma. fram hæfni, menntun, starfsreynsla og amk. tveir meðmælendur.

-

Umsóknir verði sendar í tölvupósti:
**starfsumsokn@eignaumsjon.is,** merktar SK23

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



# Laus störf hjá skrifstofu reksturs og umhirðu

## Garðyrkjufræðingur

Um er að ræða starf í verkbækistöð 3. Verkbækistöðin sinnir meðal annars garðyrkju í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, Laugardalnum og gróðri á opnum svæðum og stofnanalóðum í nærliggjandi hverfum.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Garðyrkjufræðingur frá Landbúnaðarháskóla Íslands eða sambærileg menntun.
- Reynsla af garðyrkjustörfum.
- Vera fær um að starfa sjálfstætt og verkstýra öðrum.
- Nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Ökuréttindi.

**Helstu verkefni og ábyrgð.**
Umsjón með gróðri t.d. klipping, grisjun, hreinsun beða, gróðursetning á trjám og blómum, endurnýjun beða, þökulagning, sáning, sláttur og fleira.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Axel Knútsson í síma 411-8630 eða með að senda fyrirspurn á ***axel.knutsson@reykjavik.is*** eða Atli Marel Vokes í síma 411-1111, ***atli.marel.vokes@reykjavik.is***.

## Verkamaður við bæjarframkvæmdir

Um er að ræða starf á hverfastöð í Jafnaseli. Hverfastöðvar borgarinnar sjá m.a. um rekstur og viðhald leiksvæða, skólalóða og opinna svæða ásamt snjómokstri á stofnanalóðum, grasslætti o.fl.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Verklagni.
- Líkamlegt hreysti.
- Stundvísi.
- Frumkvæði.
- Hafa jákvætt viðmót og góða þjónustulund.
- Hafa ökuréttindi og aukin ökuréttindi eru kostur.

**Helstu verkefni og ábyrgð.**
Viðhald á stofnanalóðum, leiksvæðum, gangstéttum og göngustígum. Grasviðgerðir og hreinsun opinna svæða ásamt ýmsum tilfallandi verkefnum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hjalti J. Guðmundsson deildarstjóri austursvæðis í síma 411-8443 eða ***hjalti.johannes.gudmundsson@reykjavik.is***.

Um er að ræða framtíðarstörf og æskilegt er að starfsmenn geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með **10. febrúar 2014**. Sótt er um störfin á vef Reykjavíkurborgar ***www.reykjavik.is undir „ Laus störf"***

Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynjanna í störfum og því að vinnustaðir borgarinnar endurspegli fjölbreytileika reykvísks samfélags. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11 eru veittar allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og símasamband við starfsmenn einstakra sviða og deilda.

# Hugbúnaðarhetjur óskast

**– 365 miðlar eru að leita að snjöllum og framsæknum hugbúnaðarsérfræðingum**
til að taka þátt í uppbyggingu nýrra framsækinna lausna.

## Hugbúnaðarsérfæðingur I

Umsækjendur þurfa að hafa þekkingu á python, java , sql, rest/json, git og linux. Góð grundvallar þekking á JS, jQuery, CSS og HTML er einnig góður kostur. Ef í þér býr eldmóður og ef þú ert að leita þér að starfi þar sem beitt er nútímalegum aðferðum við úrlausn verkefna, þá langar okkur að heyra í þér.

Háskólamenntun í tölvunarfræðum eða sambærileg reynsla er skilyrði.

## Hugbúnaðarsérfæðingur II

Umsækjendur þurfa að hafa haldgóða þekkingu á Microsoft .NET, umhverfi og C#, MVC, WS/WebApi og MS SQL. Það spillir heldur ekki fyrir að hafa reynslu í t.d. JQuery, Javascript, Bootstrap og t.d. python.

- Háskólamenntun í tölvunarfræðum eða sambærileg amk. tveggja ára reynsla í er skilyrði.
- Nauðsynlegt til að starfa sjálfstætt, skipuleggja högun og fylgja henni eftir.

**Það sem við bjóðum er:**
- tækifæri til að beita nýjustu aðferðum,
- skemmtileg verkefni
- lifandi og fjölbreytt starfsumhverfi.



Við keyrum agile-verklag, og lean startup hugmyndafræðina. Við bjóðum við upp á líflegan og fjölbreyttan vinnustað þar sem þú getur bætt við þekkingu þína og vaxið sem einstaklingur.

Við hugsum eins og frumkvöðlar.

**Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.**

**Starfumsóknir ber að senda á netfangið starfsumsokn@365.is. Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar nk.**

365

2 | FRÉTTIR  FRÉTTABLAÐIÐ  BYLGJAN 98,9  vísir

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Húsavík | Húsavík | 201401/070 |
| Sviðsstjóri | Umboðsmaður skuldara | Reykjavík | 201401/069 |
| Lögfræðingar rannsókna | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201401/068 |
| Forstöðumaður rannsókna | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201401/067 |
| Forstöðumaður undanþága | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201401/066 |
| Lögfræðingar í gjaldeyriseftirliti | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201401/065 |
| Náms- og starfsráðgjafi | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201401/064 |
| Sálfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201401/063 |
| Svæfingalæknar | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201401/062 |
| Lögfræðingar | Úrskurðarn. umhverfis- og auðl.m. | Reykjavík | 201401/061 |
| Náms- og starfsráðgjafi | Framhaldsskólinn í A-Skaftafellss. | Höfn | 201401/060 |
| Skrifstofumaður | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Reykjanesbær | 201401/059 |
| Sérfræðingur í netöryggissveit | Póst- og fjarskiptastofnun | Reykjavík | 201401/058 |
| Aðstoðardeildarstjóri | LSH, hjartadeild | Reykjavík | 201401/057 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH, göngud. og endurh.geðdeild | Reykjavík | 201401/056 |
| Sjúkraliði | LSH, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201401/055 |
| Heilbrigðisritari, skrifstofumaður | LSH, L4 Landakoti | Reykjavík | 201401/054 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, taugalækningadeild | Reykjavík | 201401/053 |
| Sérnámsstöður í heimilislækn. | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201401/052 |
| Heilsugæslulæknar | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201401/051 |
| Framkvæmdastjóri lækninga | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201401/050 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Hvolsvelli | Vík í Mýrdal | 201401/049 |

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

## Laus störf hjá Seðlabanka Íslands

### Lögfræðingar – rannsóknir – gjaldeyriseftirlit

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða lögfræðinga í rannsóknir gjaldeyriseftirlits bankans. Um er að ræða 100% starfshlutföll með starfsstöð í Reykjavík

**Helstu verkefni:**
Helstu verkefni lögfræðinga sem starfa við rannsóknir eru að framfylgja lögum um gjaldeyrismál. Í því starfi sem auglýsing þessi lýtur að felst meðal annars að annast eftirlit með framkvæmd laga um gjaldeyrismál auk rannsókna á meintum brotum á lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra, og samvinna við önnur svið Seðlabankans ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Starfinu fylgja einnig samskipti við innlenda og erlenda aðila og stofnanir.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði frá háskóla sem viðurkenndur er samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006
- Framúrskarandi ritfærni, bæði á íslensku og ensku
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnsýslumeðferð mála æskileg

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf hið fyrsta.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Rannveig Júníusdóttir forstöðumaður, í síma 569-9600.

### Lögfræðingar – undanþágur – gjaldeyriseftirlit

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða lögfræðinga í undanþágur gjaldeyriseftirlits bankans. Um er að ræða 100% starfshlutföll með starfsstöð í Reykjavík.

**Helstu verkefni:**
Helstu verkefni lögfræðinga sem starfa við undanþágur eru að framfylgja lögum um gjaldeyrismál. Í því starfi sem auglýsing þessi lýtur að felst meðal annars að afgreiða beiðnir um undanþágur frá lögum um gjaldeyrismál, svara fyrirspurnum og erindum er lúta að túlkun laga um gjaldeyrismál og samvinna við önnur svið Seðlabankans ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Starfinu fylgja einnig samskipti við innlenda og erlenda aðila og stofnanir.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði frá háskóla sem viðurkenndur er samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006
- Framúrskarandi ritfærni, bæði á íslensku og ensku
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Starfsreynsla í meðferð stjórnsýslumála æskileg

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf hið fyrsta.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Freyja Vilborg Þórarinsdóttir forstöðumaður, í síma 569-9600.

**Sótt skal um störfin á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, í síðasta lagi 10. febrúar næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**


**Vatnslitamynd frá 1951 til sölu.**
Falleg vatnslitamynd 60x80
eftir Jón Þorleifsson.
**Senda inn nöfn á box@frett.is merkt „Antik"**


## TIL LEIGU

**15602 – AUGLÝSING EFTIR HÚSNÆÐI FYRIR VÍNBÚÐ Í HVERAGERÐI**

***Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins óskar eftir að leigja 150- 200m² húsnæði fyrir Vínbúðina í Hveragerði.***

**Húsnæðið þarf að fullnægja eftirfarandi kröfum:**
1. Vera miðsvæðis og á jarðhæð
2. Umferð að og frá húsnæðinu sé greið
3. Vörumóttaka sé sér og opnist beint út, þó helst ekki frá sömu hlið og gengið er inn í Vínbúðina
4. Góð aðkoma sé að húsnæðinu fyrir viðskiptavini og næg bílastæði fyrir þá
5. Lögð er áhersla á gott aðgengi af bílaplani fyrir hreyfihamlaða og jafnframt þurfa að vera bílastæði fyrir starfsfólk.
6. Aðkoma að húsnæðinu fyrir flutningabíla og lyftara með vörur skal vera góð
7. Verslunarrýmið sé sem næst rétthyrnt (hlutföll rýmisins nálægt 3 á móti 2) og mega súlur, veggir eða annað ekki hamla yfirsýn um verslunarhluta húsnæðisins
8. Hljóðdempun í verslun skal tryggja góða hljóðvist og birtulýsing skal vera 500-600 lux ef loftakerfi og lýsing er til staðar
9. Góð aðstaða þarf að vera fyrir starfsfólk og allt aðgengi í húsnæðinu þarf að hæfa vel hreyfihömluðum
10. Húsnæðið verður að fullnægja öllum kröfum sem opinberar eftirlitsstofnanir og umsagnaraðilar gera til slíks og vera samþykkt af þeim
11. Leigutími húsnæðisins skal vera allt að 10 árum

Við mat tilboða verður bæði tekið tillit til verðs og ofangreindra atriða. Áhugasamir skulu senda öll gögn um það húsnæði sem þeir hyggjast bjóða í lokuðu umslagi til skrifstofu Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík fyrir kl. 15:00, 10. febrúar 2014. Merkt :
**15602 – Leiga á húsnæði fyrir vínbúð Á.T.V.R. í Hveragerði**

**Gögn þurfa meðal annars að innihalda eftirfarandi:**
1. Staðsetning
2. Teikningar af húsnæði
3. Afhendingartími
4. Ástand húsnæðis við afhendingu (frágangur lóðar, veggja, lofta og gólfa í húsnæði)
5. Leiguverð (án vsk.), hvað er innifalið' í leigu og hvaða kostnaður annar kann að falla á leigutaka
6. Fyrirsjáanlegar breytingar sem gætu haft áhrif á kröfuliði 1- 11 að ofan á leigutímanum

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## NÁMSKEIÐ TIL UNDIRBÚNINGS PRÓFI TIL AÐ ÖÐLAST RÉTTINDI TIL AÐ VERA HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR

Námskeið verður haldið vorið 2014. Prófraunin skiptist í tvo hluta, auk verklegrar prófraunar.

Stefnt er að því að kennsla á fyrri hluta fari fram dagana 17. til 28. febrúar 2014 og próf á tímabilinu 7. til 21. mars 2014. Þá er stefnt að því að kennsla í síðari hluta fari fram dagana 27. mars til 7. apríl 2014 og próf í síðari hluta námskeiðsins 9. til 11. apríl 2014.

Frestur til að skrá sig á námskeið er til og með 12. febrúar 2014. Skráning fer fram á heimasíðu LMFÍ.

Nánari upplýsingar um skráningu, gjald og fyrirkomulag námskeiðs má finna á www.irr.is.

*Innanríkisráðuneytinu,*
*24. janúar 2014*

## VINNUAÐSTAÐA FYRIR LISTAMENN Í KRÓKI Á GARÐAHOLTI

Auglýst er eftir umsóknum listamanna/fræðimanna um tímabundna vinnuaðstöðu í Króki á Garðaholti. Í boði eru 1-3 mánuðir í senn. Um er að ræða úthlutun á vorönn og haustönn 2014. Rafræn umsóknareyðublöð, reglur og nánari upplýsingar eru birtar á heimasíðu Garðabæjar, www.gardabaer.is

**Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar nk.**

**Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## VIÐHALD OG ENDURBÆTUR HÚSA OG LÓÐA

F.h. Umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er óskað eftir umsóknum verktaka til þátttöku í væntanlegum verðfyrirspurnum og tímavinnu vegna endurbóta, viðhaldsvinnu o.fl. í fasteignum borgarinnar á eftirfarandi starfsviðum:

| | |
|---|---|
| • **Blikksmíði** | Loftræsikerfi, rennur og niðurföll, hreinsun loftstokka o.fl. |
| • **Múrverk** | Almennar múrviðgerðir, flísalögn o.fl. |
| • **Húsasmíði** | Almenn viðhaldsvinna og nýsmíði utanhúss og innan |
| • **Innréttingar** | Sérsmíði innréttinga og hurða |
| • **Pappalagnir** | Ýmsar viðgerðir og endurnýjun á þakpappa |
| • **Raflagnir** | Almennt viðhald, endurbætur og nýlagnir |
| • **Pípulagnir** | Almennt viðhald, endurbætur og nýlagnir |
| • **Járnsmíði** | Ýmiskonar sérsmíði og viðgerðir |
| • **Málun** | Ýmiss málningarvinna |
| • **Niðurrif** | Hús og önnur mannvirki |
| • **Garðyrkja** | Umhirða og endurbætur á lóðum og opnum svæðum |
| • **Dúklagnir** | Gólfdúkalagnir og viðgerðir |
| • **Steypusögun** | Steypusögun, múrbrot og kjarnaborun |
| • **Jarðvinna** | Ýmiskonar jarðvegsframkvæmdir |
| • **Stíflulosun** | Stíflulosun og hreinsun lagna |
| • **Þrif** | Ýmiskonar þrif sameigna í fasteignum o.fl. |
| • **Hellulagnir** | Ýmsar hellulagnir og frágangur |
| • **Kantsteinasteypa** | Ýmis kantsteypuverkefni |

Einungis þeir verktakar koma til greina, sem eru í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld og opinber gjöld. Fyrir upphaf verka sem verktaki annast fyrir Reykjavíkurborg mun hann verða krafinn um staðfestingu á skuldastöðu við lífeyrissjóði og ríkissjóð.

**Þeir verktakar sem áður hafa skilað umsókn, þurfa að endurnýja umsókn sína.**

Frekari kröfur um skilyrði og nauðsynleg gögn koma fram á umsóknareyðublöðum sem fást afhent í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14 1.hæð. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu Innkaupadeildar, www.reykjavik.is/utbod

Umsóknum skal skilað sem fyrst til þjónustuvers Reykjavíkurborgar Borgartúni 12-14, þó eigi síðar en 24. febrúar 2014. Heimilt er að senda útfyllta umsókn á faxnúmerið 411 1048 eða skönnuð á netfangið utbod@reykjavik.is

Reykjavíkurborg
**Innkaupadeild**
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## ÚTBOÐ—Ljósleiðarakerfi

Sveitin-framfarafélag, kt. 601213-2730, f.h. þriggja sveitarfélaga á Vesturlandi, óskar eftir tilboðum í verkið "Hönnun, bygging og rekstur ljósleiðarakerfis", á sunnanverðu Snæfellsnesi, frá Hítará að Hellnum.

Útboðsgögnum fyrir verkið verður eingöngu dreift á rafrænan hátt, með tölvupósti. Þau fyrirtæki sem áhuga hafa á að bjóða í verkið geta sent tölvupóst á raftel@raftel.is og óskað eftir að fá útboðsgögnin send.

Tilboð verða opnuð 7. mars n.k., kl. 14:00

**Sveitin-framfarafélag**



# ÚTBOÐ

## Skurðlaser
## (CO2 Surgical Laser System) fyrir Landspítala Útboð Nr 15600

Á næstunni mun fara fram útboð á vegum Ríkiskaupa á CO2 skurðlaser fyrir Landspítala. Áður en til útboðs kemur mun bjóðendum gefast kostur á að kynna hvaða möguleika tækin hafa upp á að bjóða fyrir kaupanda.

Áhugasamir sendi inn ósk um þátttöku í kynningunni fyrir 28. janúar 2014, á eftirfarandi tölvupóstfang **utbod@rikiskaup.is**, merkt „Skurðlaser fyrir Landspítala – ósk um kynningu"

Reikna má með því að hver þátttakandi fái um 2 klst. til kynningar. Kynningin mun fara fram í viku 6, (3-7. febrúar) 2014.

Markmið fundarins er að fá upplýsingar um nýjungar sem í boði eru bæði með tilliti til klínískrar notkunar, gæða og hagræðingar. Leitað er eftir lausnum og tillögum framleiðanda varðandi nýja og bætta meðferðarmöguleika sem búnaður frá þeim gefur kost á.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

# Jöfnunarstyrkur til náms

## Umsóknarfrestur á vorönn 2014 er til 15. febrúar n.k.

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem verða að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili og fjölskyldu fjarri skóla).

Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN (www.lin.is).

**Lánasjóður íslenskra námsmanna**
**Námsstyrkjanefnd**

## NORA styrkir samstarf á Norður-Atlantssvæðinu

NORA óskar eftir verkefnahugmyndum og styrkumsóknum með umsóknarfrest þann 3. mars 2014.

NORA Norræna Atlantssamstarfið
Byggðastofnun

Nánari upplýsingar á: www.nora.fo

## THE SCANDINAVIA-JAPAN SASAKAWA FOUNDATION

### AUGLÝSING UM STYRKI

Íslandsdeild Scandinavia-Japan Sasakawa Foundation veitir á árinu 2014 nokkra styrki til að efla tengsl Íslands og Japans. Styrkirnir eru veittir til verkefna í samstarfi eða í tengslum við japanska aðila. Veittir eru m.a. ferðastyrkir, námsstyrkir og styrkir til skammtímadvalar í Japan.

Allar upplýsingar um umsóknarferlið er að finna á heimasíðu Scandinavia-Japan Sasakawa Foundation, **www.sjsf.se**

Fyrir hönd fulltrúa Íslands í stjórn Scandinavia-Japan Sasakawa Foundation, tekur ritari Íslandsdeildar, Björg Jóhannesdóttir, við umsóknum og veitir allar frekari upplýsingar, **bjorgmin@gmail.com**, sími: 820-5292.

**Umsóknarfrestur rennur út 1. mars 2014.**

*www.hafnarfjordur.is*

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## MENNINGARSTYRKIR TIL VERKEFNA OG VIÐBURÐA

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna og viðburða á sviði menningar- og lista í Hafnarfirði. Listamenn og aðrir áhugasamir um menningu og viðburði, stofnanir og félagasamtök eru hvattir til að senda inn umsóknir.

Umsóknareyðublöð eru á **www.hafnarfjordur.is**, undir íbúagátt/umsóknir. Athugið að til þess að sækja um þarf að skrá sig á íbúagátt bæjarins. Aðstoð við skráningu er hægt að fá hjá Þjónustuveri Hafnarfjarðar í síma 585-5500.

**Skilafrestur er til 24. febrúar 2014**

## FISKRÆKTARSJÓÐUR
### Salmonid Enhancement Fund

## Styrkir

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 72/2008. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim. Umsóknir um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði, sem koma til greiðslu árið 2014, skal senda stjórn sjóðsins fyrir 1. mars 2014.
**Þeir sem fengið hafa styrk úr sjóðnum og sækja aftur um vegna sama verkefnis, verða að skila inn framvinduskýrslu með nýrri umsókn.**

Umsóknareyðublöð vegna styrkveitinga úr Fiskræktarsjóði má nálgast á http://www.fiskistofa.is undir lax- og silungsveiði. Þar má einnig nálgast verklagsreglur sjóðsins. Einnig er hægt að hafa samband við starfsmann sjóðsins Marínu E. Samúelsdóttur í síma 569 7900. Umsóknum um styrki eða lán úr sjóðnum skal skila til formanns Fiskræktarsjóðs á eftirfarandi heimilisfang:

Fiskræktarsjóður
Ólafur Halldórsson formaður
Dalshrauni 1b
220 Hafnarfjörður.

# Bollasmári 2
201 Kópavogur
Glæsilegt og vandað einbýli

**Stærð: 242,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1997**
**Fasteignamat: 62.500.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX
Lind




**Sunnudaginn 26 janúar milli kl 16:00-16:30**
**Verð: 67.900.000**



Kristín
Sölufulltrúi
**8244031**
kristin@remax.is

Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
**5107900**
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind kynnir: Vandað og vel staðsett einbýlishús á einni hæð. Mikil lofthæð, bjart og fallegt hús, vandaðar innréttingar, granítborðplötur, stór lóð, timburverönd og afgirtur garður.
Forstofa er flísalögð og björt, mikil lofthæð, stór fataskápur.
Gestasalerni er rúmgott, flísalagt með granítborðplötu. Stofa/borðstofa og sólstofa í einu rými, mikil lofthæð. Útgengi úr sólstofu á timburverönd. Eldhús er mjög rúmgott, falleg innrétting með granítborðplötu, mikið skápapláss, stór eyja og rúmgóður borðkrókur.
Hjónaherbergi, gegnheilt parket á gólfi og góðir skápar. Barnaherbergin eru þrjú með parketi á gólfi, skápar í tveimur ásamt skápum á gangi fyrir framan barnaherbergi. Fataherbergi sem er gufubað á teikningu. Tuttugu fermetra baðherbergi, hornbaðkar, stór sturta tvær handlaugar og tvær innréttingar ásamt glervegg sem gefur mikla birtu. Þvottahús er flísalagt, útgengi út í garð.
Bílskúr: 40 fm bílskúr, flísalagður með innréttingu, millilofti og geymslu.

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# GOTT VERÐ - Brúnastaðir 25
112 Reykjavík
Endaraðhús með fimm svefnherb

**Stærð: 209,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 1999**
**Fasteignamat: 48.900.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX
Lind




**Sunnudaginn 26. janúar kl 15:00-15:30**
**Verð: 56.900.000**

RE/MAX Lind kynnir í einkasölu sérlega fallegt og vel skipulagt endaraðhús með mikilli lofthæð. Rúmgóð stofa/borðstofa og gott vinnueldhús, þvottahús og búr innaf eldhúsi. Fimm rúmgóð svefnherbergi, fataherbergi innaf hjónaherbergi og tvö baðherbergi. Fallegur og sólríkur garður, hellulögð verönd fyrir framan, stór afgirtur pallur í bakgarði, innangengt í rúmgóðan bílskúr með góðu millilofti. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir sölufulltrúi/viðskiptafræðingur í síma 663 2300, thorey@remax.is - Remax Lind.

Þórey Ólafsdótti
Sölufulltrúi
**663 2300**
thorey@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
**5107900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# NÝTT Á SKRÁ - Huldubraut 46
200 Kópavogur
Útsýnisperla á einstakri sjávarlóð

**Stærð: 330,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 10**
**Byggingarár: 1992**
**Fasteignamat: 82.600.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX
Lind




**Sunnudaginn 26. janúar kl 16:00-16:30**
**Verð: 89.900.000**

RE/MAX Lind kynnir í einkasölu sannkallaða útsýnisperlu á fallegri sjávarlóð við voginn í vesturbæ Kópavogs þar sem stutt er í alla helstu þjónustu, skóla og leikskóla. Húsið er einkar vandað og vel staðsett 330 ferm einbýli með mikilli lofthæð, tvöföldum bílskúr og 75 ferm tómstundarými sem hefur að geyma óteljandi tækifæri. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir sölufulltrúi/viðskiptafræðingur í síma 663 2300 eða thorey@remax.is – RE/MAX Lind, Þórunn Gísladóttir í síma 510-7900.

Þórey Ólafsdótti
Sölufulltrúi
**663 2300**
thorey@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
**5107900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Barmahlíð 20
108 Reykjavík
Sérhæð með sérinngangi.

**Stærð: 107,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1947**
**Fasteignamat: 26.800.000**

RE/MAX
Senter




**Opið hús sunnudag 26jan kl 16.00-16.30**
**Verð: 36.500.000**

Góð 4ra herbergja sérhæð á fyrstu hæð í Hlíðunum. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, hol/gang, tvær stofur, baðherbergi og tvö svefnherbergi á svefngangi, ásamt sameign í kjallara.Eldhúsið er nýlega endurnýjað - flísalagt með hita í gólfi og góðum borðkrók.Baðherbergið var endurnýjað fyrir fáum árum og er allt flísalagt. Vönduð sérsmíðuð eikarinnrétting og rúmgóð sturta. Suðurgarður. Endurnýjuð drenlögn og skólplagnir. Þak málað sumarið 2013.
Góð eign, með sérinngangi, á vinsælum stað.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Lindasmári 39
201 Kópavogur
Fimm svefnherbergi og suðursvalir

**Stærð: 165 fm**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 1994**
**Fasteignamat: 36.700.000**

RE/MAX
Lind




**Sunnudaginn 26. janúar kl 17:00-17:30**
**Verð: 42.900.000**

RE/MAX Lind kynnir í einkasölu sérlega rúmgóða sjö herbergja íbúð á tveimur hæðum á einum besta stað í Smárahverfi Kópavogs þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Fimm rúmgóð svefnherbergi, nýuppgert baðherbergi með tengi fyrir þvottavél, fallegt eldhús með góðum borðkrók og samliggjandi stofa og borðstofa og suðursvölum. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir sölufulltrúi/viðskiptafræðingur í síma 663 2300, thorey@remax.is - Remax Lind.

Þórey Ólafsdótti
Sölufulltrúi
**663 2300**
thorey@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
**5107900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Funalind 15
201 Kópavogur
Góð íbúð á jarðhæð

**Stærð: 132,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1997**
**Fasteignamat: 27.450.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX
Senter




**Opið hús mánudag 26jan kl 18.00-18.30**
**Verð: 38.900.000**

Laus við kaupsamning!!
RE/MAX SENTER KYNNIR 132.1 m² bjarta og rúmgóða íbúð á jarðhæð með sérinngangi ásamt bílskúr í snyrtilegu fjölbýli á vinsælum stað í Kópavogi. Möguleiki er að breyta innraskipulagi og bæta við 3 herberginu. Eignin er bæði með sameiginlegan inngang og sérinngang.Sérgeymsla, hjóla og vagnageymsla innaf sameign.
Bílskúrinn er með heitu og köldu vatni og rafmagnshurðaopnara.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# NÝTT Á SKRÁ - Stórikriki 47
270 Mosfellsbær
Glæsieign á frábærum stað í Mosó

**Stærð: 301,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 2009**
**Fasteignamat: 59.750.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX
Lind




**Þriðjudaginn 28. janúar kl 17:30-18:00**
**Verð: 64.900.000**

RE/MAX LIND kynnir í einkasölu sérlega bjart og sérlega fallegt einbýli á einum besta stað í Krikahverfi í Mosfellsbæ. Stórfengleg stofa, borðstofa og eldhús í opnu miðrými með mikilli lofthæð, rúmgott sjónvarpshol, hjónasvíta með rúmgóðu fataherbergi og baðherbergi, þrjú rúmgóð barnaherbergi, rúmgott baðherbergi með hornbaðkari og sturtu, þvottahús og bílskúr með geymslu. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir sölufulltrúi/viðskiptafræðingur í síma 663 2300.

Þórey Ólafsdótti
Sölufulltrúi
**663 2300**
thorey@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
**5107900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Melteigur 22
230 Reykjanesbær
Gott einbýlishús á einni hæð.

**Stærð: 172,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1953**
**Fasteignamat: 24.500.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX
Fjörður




**Sunnudag 26.jan milli 16:00 og 16:30**
**Verð: 32.900.000**

Re/max Fjörður kynnir gott einbýlis hús á einni hæð með innbyggðum bílskúr samtals 172,3 fm og bílskúr þar af 36,9fm. Húsið er stækkað 2000 og mikið endurnýjað. Mjög góð staðsetning.
Allar nánari uppls gefur Víglundur í síma 891-9981 eða viglundur@remax.is eða Páll Lögg.fasteignasali pallb@remax.is

Víglundur
Sölufulltrúi
**891-9981**
viglundur@remax.is

Páll Guðmunds
Lögg. fasteignasali
**861-9300**
pallb@remax.is

**RE/MAX Fjörður - Lækjargata 34d - 220 Hafnarfjörður - Sími: 519 5900 - www.remax.is**

# Hringbraut 2A
220 Hafnarfjörður
Sérlega falleg eign

**Stærð: 93,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2000**
**Fasteignamat: 22.300.000**

RE/MAX
Fjörður




**Sunnudaginn 26 jan á milli 15 og 15:30**
**Verð: 31.900.000**

Glæsileg 3ja herb íbúð á efstu hæð með sér inngangi af svölum í lyftuhúsi með stæði í bílgeymslu.Eignin er öll hin vandaðasta og hefur engu verið til sparið.Rúmgóð forstofa með forstofuskáp. Gott þvottahús með innréttingum.Opið og gott eldhús með mikklu skápaplássi.Rúmgóð og björt stofa með útgengi á yfirbyggðar svalir.Rúmgott hjónaherbergi með mikklu skápaplássi og annað minna.Fallegt baðherbergi með sturtu og innréttingu. stæði í bílgeymslu.Uplls gefur Páll í síma 8619300 eða pallb@remax.is

Páll Guðmunds
Lögg. fasteignasali
**861-9300**
pallb@remax.is

FASTEIGNASALA AKUREYRAR

## Fallegasta útsýni í Eyjafirði!





Mjög vandaður og góður 108fm. heilsárshús á tveimur hæðum auk kjallara, þar eru tækjageymsla f. snjósleða o.þ.h., eitt svefnherbergi og rúmgott baðherbergi með parketi á gólfi, mjög góð verönd með góðum geymsluskúr og einstöku útsýni. Miðhæð: Eldhús og stofa mynda eitt rými, tvö svefnherbergi og baðherbergi, parket er á gólfi í herbergjum og eldhúsi/stofu, úr stofu er gengið út á mjög góða og stóra verönd. Ljósar flísar á veggjum á baði, dökkar flísar á gólfi, hvít innrétting, góður sturtuklefi. Eldhús er með hvítri rúmgóðri i nnréttingu, vönduðum heimilistækjum, keramikhelluborði, uppþvottavél. Stórt svefnloft er með góðri lofthæð.
Eign í algjörum sérflokki örstutt frá Akureyri. **Verð: 27,5 millj.**

**Nánari uppl. veittar á skrifstofu eða síma 460-5151/773-5100.**
**Friðrik Sigþórsson sími 7735115.**

**Fasteignasala Akureyrar - Sími 4605151 - Arnar Guðmundsson Lögg. Fast.**

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

# ATVINNUHÚSNÆÐI

Leitum að 450-500 fm. atvinnuhúsnæði í Kópavogi á jarðhæð fyrir fjársterkan aðila. Lofthæð lágmark 4.5-5m. með góðum innkeyrsludyrum.

**Nánari upplýsingar veitir Hinrik sími: 550-3000 eða 893-4191 hjá Fasteignamiðstöðinni.**

LISTSKREYTINGASJÓÐUR RÍKISINS

**Listskreytingasjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum árið 2014**

**Umsóknarfrestur er til 1. mars 2014**

**Umsóknareyðublað og allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sjóðsins:**

**www.listskreytingasjodur.is**

# Breiðamörk í Hveragerði

## - Fjárfestingatækifæri-



Góð eign á tveimur hæðum á besta stað í Hveragerði. Eignin er á 784 fm lóð og stækkunarmöguleikar til staðar en mögulega mætti bæta við húsið og reka þar gistiheimili. Í dag er eignin í útleigu, rekin er grillsjoppa á neðri hæðinni og efri hæðin er leigð út sem íbúð. Tryggar leigutekjur. Bílskúr með nýju þaki. Samtals er eignin 217 fm að stærð. **V. 29.9 millj.**
Áhvílandi ca.14 millj.

Uppl. veitir Jón Rafn
S: 695-5520

VALHÖLL FASTEIGNASALA

Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is Löggiltur fasteignasali Leifur Aðalsteinsson

## Kleifakór 1 - 203

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 26. JANÚAR MILLI KL : 15:00-15:30**



Sérstaklega glæsilegt 272,6 fm, parhús á tveimur hæðum.
Efri hæð: Forstofa, gangur, 2 svefnherbergi, stofa, eldhús, baðherbergi, þvottaherbergi og bílskúr. Neðri hæð: Forstofa, gangur, 3 svefnherbergi stofa, og eldhús. Við húsið eru tvær mjög góðar geymslur og mjög falleg lóð Fasteignin er skipulögð á glæsilegan máta. **V- 68 millj.**
**Sölumenn taka vel á móti ykkur á sunnudaginn milli kl. 15:00 - 15:30**

# Einstakt tækifæri á Spáni

# Örfáar íbúðir óseldar!

## Hægt er að greiða með íslenskum krónum



## Altomar við Alicante







- Vel skipulagðar sérhæðir ásamt stæði í bílageymslu.
- Aflokaður garður og sameiginleg sundlaug.
- Tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi og stofa.
- Í boði eru sérhæðir á jarðhæð með sér verönd og sér flísalögðum garði eða íbúðir á efri hæð með einka þaksvölum.
- Góð staðsetning í úthverfi Alicante, aðeins um 10 min. akstur frá flugvellinum og 15 min. akstur frá miðborginni.
- Um 10 min. göngufæri að Los Arenales ströndinni.
- Í næsta nágrenni er þjónustukjarni með fjölda verslana og veitingastaða.

**Nú þegar eru á annan tug íbúða seldar og einungis örfáar eftir. Fáið bækling og allar frekari upplýsingar á skrifstofu Spánarheimilis í síma 530-6502, eða sendið fyrirspurn á info@spanarheimili.is.**

**Einnig eru allar upplýsingar á heimasíðunni okkar, www.spanarheimili.is**

## Lækkað verð aðeins kr. 13,9 milljónir!

spánar heimili

Stakfell
:: 535_1000

**Grétar Haraldsson**
Hrl. Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
**Aðalheiður Karlsdóttir**
Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
**Berta Bernburg**
Lögg. fasteignasali og leigumiðlari

**Fasteignasala . Skúlatún 2 . 105 Rvk**

## Álfaskeið 117 – 220 Hfj.



**Opið hús í dag, laugardag frá 15-16.**
**Sölumenn Stakfells verða á staðnum.**
Glæsilegt og vel við haldið 7 herbergja einbýlishús með aukaíbúð og rúmgóðum bílskúr. Fjögur svefnherbergi, arinn í stofu og Gorenje tæki í eldhúsi. Falleg lóð og góð staðsetning í Hafnarfirði.

## Flyðrugrandi 4 – 107 Rvk



**Opið hús í dag, laugardag frá 15-16.**
Fimm herbergja íbúð á besta stað í vesturbænum. Stutt í skóla, íþróttir, sund, verslun og þjónustu. Þetta er frábær íbúð fyrir vaxandi fjölskyldu í þessu rótgróna hverfi.
**Verð 42,9 millj.**